

Nd.

514. Frumvarp til laga

[152. mál]

um heimild stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til að opna nýja lánaflokka.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. marz.)

1. gr.

Stofnlánadeild sjávarútvegsins er heimilt að opna nýja lánaflokka í þeim tilgangi að bæta fjárhagsaðstöðu fyrirtækja, er stunda sjávarútveg og fiskvinnslu og hafa ekki á undanförunum árum fengið nægilegt fjármagn til langs tíma til þeirra framkvæmda, sem þau hafa ráðizt í, og getur hún stofnað til skuldar við Seðlabankann í þessu skyni.

2. gr.

Lán þessi skulu aðeins veitt gegn veði í fiskiskipum, vinnslustöðvum og vélum sjávarútvegsins og með einfaldri ábyrgð viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis.

Lánstíma skal miða við áætlaðan endingartíma hinna veðsettu eigna. Hámarks-lánstími skal vera sem hér segir: Lán út á fasteignir 20 ár, lán út á skip 15 ár og lán út á vélar 10 ár.

Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn stofnlánadeildarinnar að höfðu samráði við ríkisstjórn.

Áður en lán er veitt, skal fara fram nýtt mat hinna veðsettu eigna, þar sem þær skulu metnar til endurkaupsverðs að frádregnum afskriftum, er miðist við rýrnun eignarinnar frá því að hún varð til.

3. gr.

Telji stjórn stofnlánadeildarinnar, að fengnum tillögum frá viðskiptabanka umsækjanda, þörf á sérstakri athugun á fjárhag umsækjanda, áður en unnt verði að afgreiða lánbeiðni frá honum, getur hún tikynnt það skiptaráðanda, og er þá hvers konar kyrrsetning eða aðför vegna skuldbindinga lánbeiðanda óheimil á hendur honum og ábyrgðarmönnum hans, þangað til lánsúmsókn hefur verið afgreidd, þó aldrei lengur en til 31. desember 1961. Eigi verður bú hans heldur tekið til gjaldþrotaskipta á því tímabili.

Ákvæði 1. mgr. ná þó eigi til skuldbindinga samkvæmt vinnusamningum eða hlutaskiptasamningum, sem til hefur verið stofnað á næstu 6 mánuðum á undan þeim degi, er umrædd tilkynning stofnlánadeildar berst skiptaráðanda. Sömu leiðis ná ákvæðin eigi til þeirra skuldbindinga, sem til er stofnað eftir 14. janúar 1961. Kröfur eða réttindi fyrnast ekki vegna frests, sem leiða kann af ákvæðum 1. mgr.

Frá því stofnlánadeild hefur sent ofangreinda tilkynningu til skiptaráðanda og þar til lánsúmsókn hefur verið afgreidd, þó ekki lengur en til 31. desember 1961, má lánbeiðandi ekki selja eignir sínar umfram venjulega afurðasölu og ekki veðsetja þær nema fyrir nauðsynlegum rekstrarlánnum og yfirleitt ekki gera neinar þær ráðstafanir, er veruleg áhrif geti haft á efnahag hans.

4. gr.

Lánveitingar samkvæmt lögum þessum skulu háðar ákvæðum laga nr. 41/1946, þó ekki ákvæðum 3.—11. greinar.

Í reglugerð, sem ráðherra sá, sem fer með bankamál, gefur út að fengnum tillögum stjórnar stofnlánadeildarinnar, skal setja nánari reglur um lánskjör og önnur atriði, eftir því sem ástæða þykir til.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.